



UMBOÐSMAÐUR BARNA

Mennta- og barnamálaráðuneytið

b.t. Ásmundar Einars Daðasonar, mennta- og barnamálaráðherra

Reykjavík, 24. september 2024

Efni: Ítrekun erindis um námsúrræði Klettabæjar

Vísað er til erindis umboðsmanns barna, dags. 15. maí sl., vegna námsúrræðis Klettabæjar. Með erindinu óskaði umboðsmaður þess að ráðuneytið veitti upplýsingar um þann fjölda barna sem úrræðið nær til og hversu lengi þau hafa notið þessa úrræðis. Einnig óskaði embættið eftir upplýsingum um það hvernig slíkt úrræði, sem rekið er af einkaaðila, uppfyllir að mati ráðuneytisins þær skyldur sem fram koma í lögum um framhaldsskóla nr. 92/2008, einkum með vísan til 12. gr. laganna um almenn skilyrði fyrir viðurkenningu framhaldsskóla og 32. gr., þar sem fjallað er um rétt barna 16 ára og eldri til þess að hefja nám í framhaldsskóla. Þá óskaði umboðsmaður jafnframt eftir upplýsingum um það hvernig úrræðið hafi að, mati ráðuneytisins, reynst fram að þessu og hvort fyrirhugað sé að fleiri nemendur muni sækja það á komandi, nú yfirstandandi skólaári.

Samkvæmt 5. gr. laga nr. 83/1994, um umboðsmann barna, er stjórnvöldum skylt að veita umboðsmanni barna allar þær upplýsingar sem að hans mati eru nauðsynlegar til að hann geti sinnt hlutverki sínu. Þess er jafnframt óskað að umræddar upplýsingar og skýringar berist umboðsmanni barna svo fljótt sem auðið er.

Óskar umboðsmaður barna þess vinsamlegast að ráðuneytið veiti embættinu þær upplýsingar sem óskað er eftir í bréfinu eins fljótt og auðið er.

Virðingarfyllst,

Salvör Nordal, umboðsmaður barna